

# Löndunarvandráði í Vestmannaeyjum

Vestmannaeyjum, 29. ágúst.  
MANNEKLA í frystihúsunum vegna sumarleyfa starfsfólks er farin að valda erfiðleikum hjá togurum, en

Leiðari — leiðrétting:

## Verðbólguáratugur

MEINLEG ritvilla slæddist inn í forystugrein Morgunblaðsins í gær, fimmtudag, verðbólguáratugur varð að viðreisnaráratug.

Í forystugreininni er vitnað til orða forseta ASV, Péturs Sigurðssonar: „50% launahækkun til verkamanna nú, fyrsta september, stæði ekki lengi. Hún yrði tekin aftur eins og skot, enda hafa ólíklegri ríkisstjórnir en þessi hagað sér þannig.“

Næsta málsgrein hljóðar svo í réttum texta:

„Það sem hér er ýjað að er sú þróun sem viðgekkst allan verðbólguáratuginn, meðan ráðherrasósíalismi var og hét. Þá hækkaði kaup í krónum talið langleiðina í 1000%, án þess að kaupmáttur ykist nema um einn hundraðasta hluta krónutöluhækkunarinnar. Kauphækkun, umfram efna-hagslegar forsendur, fór einfaldlega út í verðlagið. Eða með öðrum orðum: launafólk var látið borga meintar kauphækkunir sjálft í hærra verðlagi. Það var sú hókus-pókus aðferð, sem Alþýðubandalagið hélt dauðahaldi í.“

þeir hafa aflað ágætlega síðustu vikurnar. Margt starfsfólk frystihúsanna er enn fjarverandi og eitt af stóru húsunum, Fiskiðjan, hefur ekki enn hafið móttöku hráefnis eftir árlega ágústlokun frystihúsanna í Eyjum.

Vegna fámennis í frystihúsunum hefur ekki tekist að vinna allan þann afla sem borist hefur að landi síðustu dagana. Á mánudag landaði Breki 220 tonnum eftir stutta veiðiferð og í gær varð að grípa til þess ráds að senda Halkion til Englands með um 120 tonn en ekki er útlit fyrir að skipið fái löndun fyrr en eftir helgi. Á morgun er svo Vestmannaey væntanleg inn til löndunar með rúmlega 100 tonn.

Það má því segja að hér sé nú ríkjandi hálfgerð vandræða-ástand, en auk fyrrnefndra skipa eru þrjú aðrir togarar á veiðum auk báta. En þó er vonast til að úr fari að rætast, því fólk fjölgar nú daglega sem snýr aftur til starfa í frystihúsunum eftir velþegið sumarleyfi og endurnýjun starfsorkunnar.

Mjög skiptar skoðanir eru hjá fólkum hér hvort það sé rétt að loka öllum stóru frystihúsunum í einu í ágústmánuði eins og tíðkast hefur undanfarin ár, en ágúst hefur yfirleitt verið fengsæll aflamánuður hjá togurum.

Bátaafli hefur verið frekar tregur upp á síðkastið, en þó með þeirri undantekningu að Sigurfari VE hefur lagt á land í þessum mánuði um 130 tonn, sem eru ljómandi góð aflabróð á þessum árstíma. Sigurfari leggur upp afla sinn hjá frystihúsi FIVE sem ekki greip til sumarlokunar í ár.

— hkj.



Sex listamenn sýna nú á Septem-sýningunni. Á myndinni eru, talið frá vinstri: Jóhannes Jóhannesson, Guðmundur Benediktsson, Guðmunda Andrésdóttir, Valtýr Pétursson, Ari Káráson, en hann var að aðstoða við að hengja upp sýninguna, og Kristján Davíðsson. Á myndina vantar Þorvald Skúlason.

## Septem-hópurinn sýnir í 12. sinn

UM HELGINA opna 3 sýningar á Kjarvalsstöðum, ein af þeim er sýning Septem-hópsins. Þetta er tólfta árið í röð sem hópurinn sýnir saman.

Þeir sem nú eiga verk á sýningunni eru Guðmunda Andrésdóttir, Þorvaldur Skúlason, Jóhannes Jóhannesson, Kristján Davíðsson og Valtýr Pétursson. Auk þeirra eru í hópunum þeir Karl Kvaran og Steinþór Sigurðsson, en þeir sýna ekki að þessu sinni. Margir listamenn hafa sýnt sem gestir á sýningum hópsins. Gestur að þessu sinni er Guðmundur Bene-

diktsson, myndhöggvari. En áður hefur t.d. Ejler Bille sýnt með hópunum, en hann sýnir eins og kunnugt er núna á Listasafni Íslands ásamt fjórum öðrum löndum sínum.

Um 70 verk eru á sýningunni og eru það allt olíumyndir utan höggmynda Guðmundar Benediktssonar. Myndir hans eru unnar í brons og gips, en þetta mun vera í fyrsta skipti sem hann sýnir höggmyndir unnar í gips.

Ein mynd eftir Kristján Davíðsson, sem er af stærðinni 1,8 x 3 metrar, er tileinkað minningu

Ragnars Jónssonar í Smára, sem lést sem kunnugt er nú í sumar.

Valtýr Pétursson sýnir á þessari sýningu m.a. fjórar myndir, töluvert ólíkar öðrum, en þær eru tilbrigði um konumynd. „Ég fann nýlega gamla teikningu eftir mig af konu, sem var uppspretta þessara mynda,“ sagði Valtýr.

Allar myndirnar á sýningunni eru nýjar og hafa ekki verið á sýningum áður.

Þegar blaðamaður bar að garði, voru listamennirnir í óða önn að hengja upp sýninguna, en hún opnar á laugardaginn í Vestusál Kjarvalsstaða.

SÍÐUSTU dagar  
ÚTSÖLUNNAR

HAGKAUP

Reykjavík  
Akureyri  
Njarðvík